

Mál nr. 154/2007

**K
og
X hf. vegna E.**

Slys á vörulager.

Gögn.

1. Málskot móttakið 15. ágúst 2007 ásamt fylgigögnum.
2. Tölvupóstur X dags. 23. ágúst 2007.

Málsatvik.

Málshefjandi, sem er ökumaður vöruflutningabifreiðar, var við störf á vörulager E. Hann var að sækja vörur með lítilli, rafknúnni vörulyftu. Þegar hann var í þann mund að færa varninginn inn í bifreiðina ók annar vörulyftari á hann. Við það fékk málshefjandi mikið högg á síðuna, rifbeinsbrotnaði og fékk hnykk á bak og háls. Tryggingafélag vörulagersins hafnaði bótaskyldu með þeim rökum að málshefjandi hefði verið fyrir innan rauðmálað strik og skv. verklagsreglum væri utanaðkomandi aðilum bannaður aðgangur fyrir innan strikið. Málshefjandi fullyrðir að hann hafi ekki þekkt til verklagsreglnanna og að starfsmenn lagersins hafi margsinnis skilið vörubretti eftir við línuna þannig að trilla málshefjanda var á línunni, eins og hún var þegar slysið varð.

Álit.

Í tölvupósti öryggisstjóra E frá 18. júlí kemur fram að óvíst sé hvort öllum sé ljóst að ekki megi fara inn fyrir rauðu línurnar nema með leyfi. Við lestur öryggisreglna kemur hvergi skýrt fram að óheimilt sé að fara innfyrir rauðar línur. Þvert á móti liggur fyrir að starfsmenn Eimskips settu vörurnar sem málshefjandi var að sækja á rauða strikið þannig að honum var ómögulegt að nálgast vöruna öðruvísi en með því að vinna innan þess svæðis sem afmarkað var með rauðum strikum. Slysið þykir því mega rekja til atvika og aðstæðna sem valda skaðabótaskyldu E.

Niðurstaða.

Tjón málshefjanda er bótaskyldt úr ábyrgðartryggingu E.

Reykjavík, 11. september 2007.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.